

Lög

Nr. 1
8. mars

um

heimild fyrir landsstjórnina til að takmarka eða banna
innflutning á óþörfum varningi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta,
hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki
Vorur:

1. gr.

Landstjórninni er heimilt með reglugjörð eða reglugjörðum að takmarka eða banna
innflutning á allskonar óþörfum varningi, og ákveður hún, hvaða vörur skuli teljast til
slíks varnings.

2. gr.

Brot gegn reglugjörð eða reglugjörðum, sem settar eru samkvæmt 1. gr. varða sekt-
um, alt að 100.000 kr. mál útaf slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 8. mars 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.